

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingar með lögum nr. 107/1988, lögum nr. 72/1989 og lögum nr. 81/1993. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrún Jensdóttir.

Nr. 241

10. júní 1993

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs., er taki gildi 1. júní 1993:

Gjaldskrá Selfossveitna bs., nr. 389, 30. október 1992:

Liðurinn HE.1 Heitt vatn um rennismæli, lækki úr 64,47 kr/m³ verði 58,02 kr/m³.

Liðurinn H.2 Heitt vatn til almenningssundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar: 01.05. – 30.09., lækki úr 20,45 kr/m³ verði 16,34 kr/m³.

Vetur: 01.10. – 20.04., lækki úr 24,51 kr/m³ verði 18,38 kr/m³.

Mælagjald á veitusvæði Hitaveitu Eyra:

Fyrir mæla allt að ¾" lækki úr 7 973,28 kr/ár verði 7 176,00 kr/ár.

Fyrir mæla frá 1" að 2", lækki úr 15 926,40 kr/ár verði 14 334,00 kr/ár.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.